

Stefna í menningarmálum á Suðurnesjum

Tillögur samstarfshóps sveitarfélaga á Suðurnesjum



Garðar Jónsson MSc
Gísli Sverrir Árnason MPA
Apríl 2007

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Menningarstarfsemi á Suðurnesjum	4
2.1	<i>Sandgerðisbær</i>	4
2.1.1	Menningarlegur félagsauður	4
2.1.2	Söfn.....	5
2.1.3	Rannsóknir og fræði.....	6
2.1.4	Útivist og minjar	6
2.1.5	Vitar.....	7
2.1.6	Kirkjur.....	7
2.2	<i>Sveitarfélagið Garður</i>	8
2.2.1	Menningarlegur félagsauður	8
2.2.2	Söfn.....	9
2.2.3	Rannsóknir og fræði.....	10
2.2.4	Útivist og minjar	10
2.2.5	Vitar.....	11
2.2.6	Kirkjur.....	11
2.3	<i>Sveitarfélagið Vogar</i>	12
2.3.1	Menningarlegur félagsauður	12
2.3.2	Söfn.....	13
2.3.3	Rannsóknir og fræði.....	13
2.3.4	Útivist og minjar	13
2.3.5	Vitar.....	15
2.3.6	Kirkjur.....	15
2.4	<i>Grindavíkurbær</i>	16
2.4.1	Menningarlegur félagsauður	16
2.4.2	Söfn.....	17
2.4.3	Rannsóknir og fræði.....	17
2.4.4	Útivist og minjar	18
2.4.5	Vitar.....	18
2.4.6	Kirkjur.....	19
2.5	<i>Reykjanesbær</i>	20
2.5.1	Menningarlegur félagsauður	20
2.5.2	Söfn.....	21
2.5.3	Rannsóknir og fræði.....	23
2.5.4	Útivist og minjar	23

2.5.5	Vitar.....	23
2.5.6	Kirkjur.....	24
2.6	<i>Menningarlíf á Suðurnesjum - Samantekið yfirlit.....</i>	<i>25</i>
3	SVÓT - greining	26
3.1	<i>Styrkleikar.....</i>	<i>26</i>
3.2	<i>Veikleikar.....</i>	<i>26</i>
3.3	<i>Ógnanir.....</i>	<i>27</i>
3.4	<i>Tækifæri.....</i>	<i>27</i>
4	Greining valkosta	29
5	Stefnumörkun	30
5.1	<i>Stefna og framtíðarsýn.....</i>	<i>30</i>
5.2	<i>Markmið og leiðir.....</i>	<i>31</i>
6	Heimildaskrá.....	34
Viðauki 1	35
Viðauki 2	36

1 Inngangur

Í ársbyrjun 2007 ákvað stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að láta vinna sameiginlega stefnu sveitarfélaganna í menningarmálum. Sveitarstjórnir tilnefndu þrjá fulltrúa hver í samstarfshóp og gerður var samningur við ráðgjafana Garðar Jónsson og Gísli Sverri Árnason um að stýra verkefninu.

Fulltrúar í samstarfshópnum voru:

Frá Reykjanesbæ:

Björk Guðjónsdóttir

Valgerður Guðmundsdóttir

Guðný Kristjánsdóttir

Frá Grindavíkurbæ:

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Aðalgeir Jóhannsson

Dagbjartur Einarsson

Frá Sandgerðisbæ:

Ingbór Karlsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Guðlaug Finnsdóttir

Frá Sveitarfélaginu Garði:

Oddný Harðardóttir

Erna Sveinbjarnardóttir

Ásgeir Hjálmarsson

Frá Sveitarfélaginu Vogum:

Róbert Ragnarsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Sigurður Rúnar Símonarson.

Haldnir voru fimm vinnufundir auk þess sem menningarstarf hvers byggðarlags var kynnt í skoðunarferðum og á fundum. Á fundina komu ýmsir gestir úr menningarstarfi byggðarlaganna og einnig sat Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri SSS hluta fundanna.

Samstarfshópurinn leggur hér með fram tillögur sínar að stefnu í menningarmálum á Suðurnesjum og setur fram þá ósk að tillögurnar megi verða leiðarljós í samstarfi sveitarfélaganna fimm í málaflokknum.

Lýsing á menningarstarfsemi sveitarfélaganna er í kafla 2. Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu en samantektin sýnir þó ótvírætt fram á að menningarstarf á Suðurnesjum er afar fjölbreytt og gróskumikið í dag.

2 Menningarstarfsemi á Suðurnesjum

2.1 Sandgerðisbær

	2003	2004	2005	2006
Íbúafjöldi	1.393	1.398	1.535	1.663
Landfræðileg stærð í km ²	62	62	62	62
Útgjöld til menningarmála				
Heildarútgjöld	13.588	17.503	24.235	
Útgjöld kr. pr. íbúa	9.754	12.520	15.788	

2.1.1 Menningarlegur félagsauður

Ýmis konar félags- og menningarstarfsemi fer fram í Sandgerði sem auðgar mannlíf og bætir lífsgæði fólksins sem þar býr.

Í Listasmiðjunni Nývídd, Gallerí Grýti og Jökla ljósum eru listasmiðir sem búa til muni og selja. Jökla ljós sérhæfir sig í kertagerð en ýmsir listmunir eru gerðir á hinum stöðunum. Hér er um einkaframtak að ræða sem fyrst og fremst byggist á áhuga þeirra sem taka sér þetta fyrir hendur.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu en þar er starfandi tónlistarskóli með um 140 nemendum, kirkjukór Hvalsneskirkju og tónlistarhópurinn Aftan Festival sem samanstendur af hæfileikaríkum tónlistarmönnum sem leika saman opinberlega við ýmis tækifæri. Sandgerðisbær er þátttakandi í samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga „Tónlist fyrir alla“. Að auki er starfandi Söngsveitin Víkingar, sönghópur karla sem flestir eru úr Garði og Sandgerði. Þá er starfandi hópur ungs fólks, Bergmál, sem hefur sína æfingaaðstöðu, æfir og semur ýmsa tónlist af léttara taginu.

Í Sandgerði er árlega haldin bæjarhátíð, Sandgerðisdagar, sem vel er sótt af heimamönnum og brottfluttum Sandgerðingum.

Félagsstarf er fyrir eldri borgara sem að miklu leyti fer fram í Miðhúsum, þjónustumiðstöð eldri borgara en þar eru jafnframt þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Margvíslegt menningarstarf fer fram á leik- og grunnskólastigi í sveitarfélaginu en jafnframt fer fram gott skátastarf og í félagsmiðstöðinni Skýjaborg er öflugt félagsstarf unglinga. Ungmennahúsið Skýlið er að ýta úr vör með félags- og menningarstarf fyrir ungt fólk, 16 ára og eldri.

Golfklúbbur Sandgerðis hefur verið starfandi um nokkurt skeið en í sveitarfélaginu er 9 holu golfvöllur sem áformað er að stækka í 18 holu völl. Lionsklúbbur er starfandi í Sandgerði og Íþróttafélagið Reynir stendur fyrir öflugum íþróttastarfi. Bridgefélagið Muninn, Kvenfélagið Hvöt, Björgunarsveitin Sigurvon og Unglingasveitin Von eru allt öflug félög sem standa fyrir margskonar félagslífi, hvert á sínu sviði.

Í sveitarfélaginu er til staðar húsnæði sem nota má til ýmis konar samkomuhalds og sýninga. Í því sambandi má nefna Samkomuhúsið, nýuppgert húsnæði, Safnaðarheimili, Verkalýðsfélagshúsið og Vörðuna sem er nýtt húsnæði sem hýsir bæjarskrifstofur og bókasafn en þar er jafnframt fundar- og sýningarsalur. Þá má nefna sal Miðhúsa, Reynisheimilið, Golfskálann, sal Grunnskólans, Lionsheimilið Efra-Sandgerði elsta hús bæjarins og á veitingahúsum í bænum. Á öllum þessum stöðum hafa verið haldnar vel sóttar myndlistar- og handverkssýningar, auk þeirra sýninga sem uppi eru að staðaldri í Listasmiðjunum Nývídd, Gallerí Grýti og Jöklaljósum.

Veitingahús eru starfrækt í sveitarfélaginu sem staðið hafa fyrir ýmsum menningarviðburðum eins og áður hefur verið nefnt.

Frá Sandgerði er rekið ævintýrahúsið Púlsinn sem er með starfsemi víða um Suðurnes og á Höfuðborgarsvæðinu. Starfsemin byggir á fjölpætri mannrækt þar sem beitt er jóga, dansi, leiklist, hugarefningu og líkamsrækt á víðum grunni.

Björgunarsveitin Sigurvon er elsta björgunarsveit landsins sem stendur enn fyrir virku björgunar- og félagsstarfi.

2.1.2 Söfn

Fræðasetrið í Sandgerði

Fræðasetrið í Sandgerði er umhverfistengt sýnasafn, eins og segir á vefsíðu Sandgerðisbæjar [1].

Fræðasetrið er fyrst og fremst lifandi náttúrugripasafn þar sem leitast er við að tengja mann og náttúru. Innan veggja Fræðasetursins og í nágrenni þess eiga gestir kost á að skoða hluta af náttúru Íslands í návígi. Safn ýmissa lífvera og jurta og lifandi dýr í ferskvatns- og sjóbúrum, auk steinasafns.

Í Fræðasetrinu [1] er hægt að fá tilbúin fjöruverkefni fyrir ýmsa hópa og öll nauðsynleg verkfæri til fjöruferða. Að lokinni fjöruferð er hægt að fá lánaðar tangir, bakka og víðsjár til eigin rannsókna. Jafnframt er í Fræðasetrinu sjóbúr þar sem gestum gefst kostur á að kanna atferli ýmissa sjávardýra. Boðið upp á fuglaskoðunarferðir undir leiðsögn en í Sandgerði er mikið fuglalíf og þar verpa stórir hópar af kríum og æðarfugli.



Í Fræðaseturshúsinu eru ennfremur Náttúrustofa Reykjaness og Háskólasetur Suðurnesja.

Heimskautin heilla - Í fræðasetrinu hefur nýlega verið sett upp sýning um hinn þekkt franska landkönnuð Jean-Baptiste Charcot sem fórst með rannsóknarskipinu Pourqua Pas? í aftakaveðri út af Mýrum fyrir 70 árum. Sýningin er sett upp í samvinnu Sandgerðisbæjar, Háskólaseturs Suðurnesja í Sandgerði, Háskóla Íslands og Franska sendiráðsins í Reykjavík og gefur raunsanna mynd af aðstæðum landkönnuðarins um borð í skipi hans Pourque-Pas?

Bókasafn

Bókasafnið er Sandgerði er til húsa í hinu nýja húsnæði Vörðunni, sem jafnframt hýsir bæjarskrifstofur og fundar- og sýningarsal. Safninu er ætlað að mæta þörfum nútímans og býður gestum aðgang að Interneti samhliða venjubundnum útlánnum bóka og tímarita. Í Grunnskólanum í Sandgerði er starfrækt skólasafn.

Annað

Eins og áður hefur komið fram er Björgunarsveitin Sigurvon í Sandgerði fyrsta björgunarsveitin sem stofnuð var hér á landi. Í Sandgerði er jafnframt fyrsti björgunarbátur landsins, svo vitað sé. Hann er geymdur í skýli og hefur ekki verið settur í sýningarhæfar aðstæður þótt sögulegt gildi hans sé ótvírætt.

2.1.3 Rannsóknir og fræði

Í Fræðaseturshúsinu er Náttúrustofa Reykjanes og Háskólasetur Suðurnesja þar sem stundaðar eru rannsóknir og kennsla af innlendum og erlendum fræðimönnum á hinni fjölbreyttu náttúru svæðisins svo sem fuglalífi og lífi í sjó.

Botndýrarannsóknarstöðin

Í Sandgerði er rannsóknarstöð þar sem flokkuð eru botndýr af Íslandsmiðum. Botndýrarannsóknarstöðin í Sandgerði er í sama húsi og Fræðasetrið [1]. Rannsóknarskip fara um Íslandsmið undir stjórn vísindamanna og taka sýni fyrir rannsóknarstöðina, sem þar er grunnflokkuð. Vísindamenn koma víða að úr heiminum til að fá að vinna með sýnin í stöðinni og nú þegar hafa fundist um 30 nýjar tegundir sjávardýra á alþjóðavísu.



2.1.4 Útivist og minjar

Gönguleiðir

Í Fræðasetrinu í Sandgerði er boðið upp á göngu- og rútuferðir undir leiðsögn um útgerðar- og verslunarbæina á Rosmhvalanesi. Fræðasetrið stefnir að því að gera hinar fornu slóðir milli útgerðarhverfanna á Rosmhvalanesi aftur að þjóðleið fyrir göngufólk.



Miðnesheiði

Heiðin á ríkan þátt í sögu og menningu Sandgerðis en hún er talin ein mannskæðasta heiði landins. Fyrir á tímum sótti fólk úr Sandgerði ýmis konar þjónustu til Keflavíkur og ferðaðist yfirleitt gangandi í misjöfnum veðrum. Slík ferðalög tóku mörg mannlíf sökum veðurofsa sem þar gat verið.

Sauðfjárnætur og réttir

Þó Sandgerði sé ekki þekkt fyrir sauðfjárnætur er stundaður nokkur fjárnætur í sveitarfélaginu. Rétt er í Sandgerðisrétt og þykir nokkuð merkur viðburður.

Gryfjan – Útivistarsvæði

Rétt fyrir ofan bæinn er gömul náma sem fyrirhugað er að gera að skjólsælu útivistarsvæði sem hentað gæti vel til hverskyns samkomuhalds.

Ósabotnaleið

Frá Stafnesi til Hafna liggur Ósabotnaleið sem hingað til hefur ekki verið ökufær, en nú er unnið að vegalagningu þar. Þessi leið er talin sérstæð og falleg en þar er að finna minjar um hina fornu verslunarstaði Básaenda og Þórshöfn.

2.1.5 Vitar

Sandgerðisviti

Árið 1916 var byggður innsiglingarviti fyrir Sandgerðishöfn, Sandgerðisviti [2]. Vegghæðin var 3,7 m og með lágu rispaki. Dyr voru á efri gaffli og þar inn af var olúgeymsla en á upphækkuðu gólfi ljóshúss í neðri endanum var komið fyrir borði sem á voru tveir olúlampar með holspeglum. Vitann teiknuðu verkfræðingarnir Thorvald Krabbe og Guðmundur J. Hlíðdal.

Árið 1921 var byggður nýr innsiglingarviti úr steinsteypu í stað fyrri vitans. Sandgerðisviti var hækkaður um 10 m árið 1945 með sama ummáli og gamli vitinn, en handrið gamla vitans var látið halda sér og vitnar um fyrri hæð hans. Vitinn er 22 m hár, ljóshæð 25 m. Hönnuður var Benedikt Jónasson verkfræðingur.

Stafnesviti

Stafnesviti [2] var byggður árið 1925 á Stafnesi á milli Sandgerðis og Hafna. Hannaður af Benedikt Jónassyni verkfræðingi Hann er steinsteyptur og 8 m hár.

2.1.6 Kirkjur

Hvalsneskirkja

Hvalsneskirkja [3] var vígð á jólum 1887. Hún er byggð úr alhöggnum steini og var grjótið sótt í klappir í nágrenninu. Allur stórviður hússins var fenginn úr fjörunni í nágrenninu, m.a.a súlurnar. Kirkjan er friðuð. Altaristaflan er eftirgerð af Dómkirkjutöflunni, máluð af Sigurði Guðmundssyni árið 1886 og sýnir hún upprisuna. Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinn yfir Steinunni Hallgrímsdóttur sem dó á fjórða árið 1649. Hún var dóttir Hallgríms Péturssonar, mesta sálmaskálds Íslendinga, sem þjónaði sem prestur í Hvalnessókn en hann hjó steininn og setti á leiði dóttur sinnar. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna.

2.2 Sveitarfélagið Garður

	2003	2004	2005	2006
Íbúafjöldi	1.283	1.322	1.376	1.486
Landfræðileg stærð í km ²	21	21	21	21
Útgjöld til menningarmála				
Heildarútgjöld	12.553	9.493	22.333	
Útgjöld kr. pr. íbúa	9.784	7.181	16.230	

2.2.1 Menningarlegur félagsauður

Ýmis konar félags- og menningarstarfsemi fer fram í Sveitarfélaginu Garði sem auðgar mannlíf og bætir lífsgæði fólksins sem þar býr.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu en þar er starfandi tónlistarskóli með um 48 nemendum, kirkjukór Útskálakirkju og söngsveitin Víkingarnir sem í eru karlar einkum frá Sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ. Konur úr sveitarfélaginu taka einnig þátt í söngstarfi Kvennakórs Suðurnesja.

Í sveitarfélaginu er árlega haldin bæjarhátíð, Sólseturhátíð, sem vel er sótt af heimamönnum sem og brottfluttum íbúum sveitarfélagsins. Nafn hátíðarinnar vísar til hins fallega sólseturs sem sést frá Garðskagavita sem oft hefur verið nefndur staður elskenda.

Þann 15. júní 2008 eru 100 ár liðin síðan Gerðahreppur var stofnaður með uppskiptingu á Rosmhvalaneshreppi hinum forna. Áformað er að sérstök hátíð verði haldin af þessu tilefni með uppákomum allt árið sem nær hámarki á afmælisdeginum.

Félagsstarf er í boði fyrir eldri borgara sem fram fer í safnaðarheimilinu Sæborgu en í sveitarfélaginu eru jafnframt þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Margvíslegt menningarstarf fer fram á leik- og grunnskólastigi í sveitarfélaginu og í félagsmiðstöðinni Trufluð Tilvera er öflugt félagsstarf unglinga. Grunnskólinn í sveitarfélaginu, Gerðaskóli, er einn elsti grunnskóli landins, stofnaður 1872 af Sigurði B. Sívertsen.

Golfklúbbur Suðurnesja hefur verið starfandi um nokkurt skeið en golfvöllurinn í Leiru er 18 holu völlur sem talinn er einn af þeim bestu á landinu.

Lions- og Kiwanisklúbbur eru starfandi í Sveitarfélaginu Garði og Íþróttfélagið Víðir, stofnað 1936, stendur fyrir öflugu íþróttastarfi. Með öðrum íbúum á Suðurnesjum taka Garðbúar þátt í ýmsu félagsstarfi m.a. Rótaryklúbbi Suðurnesja og Delta, Kappa, Gamma, félagi kvenna í fræðastörfum.

Í Sveitarfélaginu Garði hafa hafa verið starfandi stórstúka og barnastúka en stúka var fyrst stofnuð í sveitarfélaginu árið 1889. Um þessar mundir liggur stúkustarf niðri. Öflugt

skátastarf fer fram í sveitarfélaginu. Kvenfélagið Gefn var stofnað í desember 1917 og nú, árið 2007, eru um 100 félagskonur starfandi í því. Í febrúar 2007 var stofnuð í Garðinum deild í Norræna félaginu og nú er verið að leita samstarfs við vinabæi á hinum Norðurlöndunum.

Í sveitarfélaginu er til staðar húsnæði sem nota má til ýmiskonar samkomuhalds. Í því sambandi má nefna Samkomuhúsið og safnaðarheimilið Sæborgu.

Björgunarsveitin Ægir var stofnuð 1935 og var því 70 ára árið 2005 og stendur hún enn fyrir virku björgunarstarfi. Að auki er Slysavarnardeildin Una í Garði starfandi sem var stofnuð 1934.

Í sveitarfélaginu eru haldnar myndlistarsýningar sem vel eru sóttar.

Á Byggðasafninu á Garðskaga er hægt að fá sér hressingu allan daginn og langt fram á kvöld yfir sumartímann.

2.2.2 Söfn

Byggðasafnið á Garðskaga

Byggðasafnið á Garðskaga [4] var fyrst opnað almenningi þann 26. nóvember 1995 í gömlum útihúsum á Garðskaga. Á tíu ára afmæli safnsins var tekið í notkun nýtt safnahús með kaffiteríu á efri hæð. Margt merkilegra muna úr byggðasögu Garðsins er á safninu. Má þar nefna yfir 100 ára trérennibekk, heimasníðað ferðaorgel sem jafnframt er yfir 100 ára, sexæring með Engeyjarlagi sem byggður var árið 1887 og marga aðra merkilega muni. Það sem gerir safnið á Garðskaga einstakt er vélasafn Guðna Ingimundarsonar.

Safnið hefur til sýnis ýmsa muni sem tengdust búskaparháttum til sjós og lands, elstu munirnir eru orðnir yfir eitt hundrað ára gamlir. Stór hluti af safninu eru sjóminjar, það er ýmsir hlutir sem notaðir voru við fiskveiðar og til verkunar á fiski í landi. Á safninu er áttæringur með sunnlensku lagi smíðaður árið 1913, hefðbundinn trillubátur frá árinu 1932 með upphaflegu vélinni, níu metra langur bátur með Engeyjarlagi smíðaður árið 1887, þá eru fjórir aðrir bátar á safninu.



Einstakt vélasafn er til sýnis á byggðasafninu. Vélarnar eru sextíu talsins, þær eru allar uppgerðar af Guðna Ingimundarsyni í Garði, og eru flest allar gangfærar. Vélarnar eru af ýmsum gerðum, mest litlar bátavélar sú elsta frá árinu 1920. Þá er ein gufuvél á safninu.

Menningarsetur að Útskálum

Hafin er uppbygging menningarseturs að kirkjustaðnum Útskálum í Garði [5]. Það eru Útskálasókn, Sveitarfélagið Garður, Sparisjóðurinn í Keflavík o.fl. sem hafa myndað með sér félag sem hefur að markmiði að endurbyggja Útskálahúsið frá grunni sem sérstakt menningar- og fræðasetur. Tilgangur félagsins er að endurbyggja húsið og byggja við það þjónustuhús með veitinga- og snyrtiaðstöðu. Almennur vilji er í söfnuðinum til að endurreisa húsið sem menningar- og fræðasetur þar sem lifandi kirkju- og menningartengd ferðaþjónusta verður rekin. Jafnframt hefur verið stofnað sérstakt hollivnafélag sem ætlað er að styðja við starfsemi menningarsetursins þegar hún hefst.

Bókasafn

Bókasafn Garðs er bæði skóla- og bæjarbókasafn. Það er til húsa í Gerðaskóla við Garðbraut. Safnkostur samanstendur af barnabókum, skáldsögum, ævisögum, fræðibókum og tímaritum.

2.2.3 Rannsóknir og fræði

Í tengslum við Byggðasafn Garðskaga hefur verið unnið að ýmsum rannsóknartengdum verkefnum. Í dag er unnið að kennsluverkefni fyrir grunnskóla sem tilbúið verður síðla sumars 2007 um safnið. Jafnframt er unnið að sérstöku rannsóknarverkefni um varir og lendingar í Garðinum sem eru 26 talsins og allar sýnilegar en vinnan snýst einkum um, að merkja hverja þeirra. Að auki er áformuð áframhaldandi rannsókn á sjóhúsum sem svo eru nefnd sem stóðu við hverja einustu vör með aðstöðu fyrir sjómenn, veiðarfæri og fiskverkun.

2.2.4 Útivist og minjar

Í Sveitarfélaginu Garði er mikil náttúrufegurð, mikið náttúrulíf og fallegar tjarnir. Á Garðskaga er fjölskrúðugt fuglalíf og margir leggja leið sína þangað til fuglaskoðunar. Áhugi er á að skapa slíkum fuglaáhugamönnum aðstöðu með uppbyggingu húsnæðis á svæðisins. Deiliskipulag er í vinnslu til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk á Garðskaga.

Skagagarðurinn [6] á Rosmhvalanesi er eitt fárra íslenskra mannvirkja frá miðöldum sem varðveist hefur. Fáum mun kunnugt um tilvist hans, en engu að síður má telja Skagagarðinn með merkustu forminjar landsins og gefur hann vísbendingar um löngu horfna atvinnuhætti.


Garðurinn lá frá bænum Kirkjubóli í Sandgerði norður til Útskála í Sveitarfélaginu Garði. Við báða enda hans tóku við miklir túngarðar og munu mannvirki þessi því hafa girt með öllu fyrir skagann. Sjálfur garðurinn var um 1500 metra langur, um einn og hálfur metri á hæð og afar þykkur. Lengi vel var talið að garðurinn væri frá 13. eða 14. öld, en elstu ritheimildir um hann eru frá árinu 1528. Rannsóknir jarðfræðinga hafa þó leitt í ljós að garðurinn hefur vart verið hlaðinn síðar en á 10. öld.

Garðinum hefur væntanlega verið ætlað að halda sauðfé frá kornökrum á norðanverðum skaganum, en örnefni og fornar akurreinar benda til umfangsmikillar kornræktar á Suðurnesjum fyrr á öldum. Bærinn dregur nafn sitt af þessum garði.

2.2.5 Vitar

Garðskagaviti

Á Garðskaga eru tveir vitar [2]. Sá eldri og jafnframt sá minni var byggður 1897 og þótti um tíð með bestu vitum landsins því hann stóð lágt og þoka var því ekki til vandræða. Vitinn þótti hins vegar vera í hættu vegna landbrots og í miklu brimi sást vitinn ekki fyrir sjóroki.



Nýr viti var því byggður á Garðskaga árið 1944 og var hann vígður við hátíðlega athöfn þann 10. september sama ár. Yngri Garðskagavitinn er hæstur vita Íslands 28,6 metrar á hæð. Hönnuður vitans var Axel Sveinsson verkfræðingur en vitinn er ljósviti, radarsvari og notaður til veðurathugunar. Siglingastofnun Íslands hefur umsjón með vitanum.

2.2.6 Kirkjur

Útskálakirkja

Útskálakirkja [3] var vígð 1863. Kirkjan er af yngri turngerð og er friðuð. Altaristaflan er eftir útlendan málara og sýnir boðun Maríu, predikunarstóllinn var að öllum líkindum upprunalega í Dómkirkjunni í Reykjavík. Séra Sigurður B. Sívertsen (1808-1887) var prestur á Útskálum í tæplega hálfri öld en hann lét byggja kirkjuna sem nú stendur. Kirkja hefur líklega verið á Útskálum frá fyrstu tíð, hennar er fyrst getið kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.

2.3 Sveitarfélagið Vogar

	2003	2004	2005	2006
Íbúafjöldi	928	939	1.018	1.106
Landfræðileg stærð í km ²	165	165	165	165
Útgjöld til menningarmála				
Heildarútgjöld	5.863	7.537	7.370	
Útgjöld kr. pr. íbúa	6.318	8.027	7.240	

2.3.1 Menningarlegur félagsauður

Ýmisskonar félags- og menningarstarfsemi fer fram í Sveitarfélaginu Vogum sem auðgar mannlíf og bætir lífsgæði fólksins sem þar býr.

Gott tónlistarlíf er í sveitarfélaginu svo sem Kirkjukór Kálfatjarnarkirkju og unglingsveitin Tígull en að auki er Sveitarfélagið Vogar þátttakandi í samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga „Tónlist fyrir alla“. Konur í sveitarfélaginu hafa að auki verið virkir þátttakendur í starfi Kvinnakórs Suðurnesja. Tónlistarnám er í samstarfi við nágrannasveitarfélög, auk þess sækja nemendur nám í einkaskólum og námskeið.

Golfklúbbur Vatnsleysustrandar hefur verið starfræktur um hríð en við Kálfatjörn á Vatnsleysuströndinni er 9 holu golfvöllur. Völlurinn er í uppbyggingu og er verið að vinna að breytingum og lengingu brauta.

Öflugt íþróttastarf fer fram í sveitarfélaginu en þar er starfandi Ungmennafélagið Þróttur. Hjá Skátafélaginu Hraunbúum fer einnig fram gott barna- og unglingsstarf.

Tómstundastarf unglinga fer aðallega fram í Félagsmiðstöðinni Boran sem er staðsett í Glaðheimum, en flyst í nýbyggingu við íþróttamiðstöðina í haust. Þar er m.a. boðið upp á diskótek, leikjatölvur, sjónvarp, videó, bíóferðir, óvissuferðir, klúbbastarf, borðtennis og billjard. Mikið samstarf er á milli nálægra sveitarfélaga en jafnframt er félagsmiðstöðin í samstarfi við félagsmiðstöð á Írlandi.

Tómstundastarf eldri borgara er í Stóru-Vogaskóla en þar er mjög góð aðstaða til smíðavinnu, útsaums og annarrar handavinnu og föndurs. Einnig koma eldri borgarar saman í Félagsmiðstöðinni þar sem er spjallað, lesið upp úr bókum eða tekið í spil. Næsta haust verður tekin í notkun ný þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara sem mun gjörbylta aðstöðu fyrir tómstundastarf og listsköpun.

Fjölskyldudagurinn (bæjarhátíð) er haldinn í Aragerði á hverju sumri. Þar skemmtir fjölskyldan sér saman við ýmsar þrautir, í keppnum og leiktækjum. Um kvöldið er slegið upp balli, haldin grillveisla og endað á dansi fram á nótt.

Mörg félagasamtök eru starfandi í sveitarfélaginu svo sem Lionsklúbburinn Keilir sem stofnaður var 1975 og telur nú 24 félagsmenn, kvenfélagið Fjóla, smábátafélag, skógræktarfélagið Skógfell og hestamannafélag. Björgunarsveitin Skyggfir heldur jafnframt úti virkri björgunar- og félagsstarfsemi.

Á vettvangi grunn- og leikskóla fer fram öflug menningarstarfsemi, t.d. er bókasafn bæjarins staðsett í skólanum þar sem oft eru ýmsar menningarlegar uppákomur.

Margvíslega listastarfsemi er að finna í sveitarfélaginu og þar leynast ýmis listamenn og gallerí. Eyþór Stefánsson listmálari er búsettur í Vogum en hann er mikill drifkraftur listalífs í sveitarfélaginu og hefur staðið fyrir námskeiðum á þessu sviði. Áhugafólk um handverk skipar stórnar sess í menningarstarfi og ekki síst er þau að finna í röðum eldri borgara.

2.3.2 Söfn

Bókasafn

Bókasafnið í Vogum er í raun eina eiginlega menningarstofnunin í sveitarfélaginu þó svo menningarlíf sé öflugt á annan hátt eins og komið hefur fram. Bókasafnið er staðsett í Stóru-Vogaskóla og er því jafnframt um skólabókasafn að ræða. Starfsemi bókasafnsins byggist í raun á hinu forna lestrarfélagi Baldri sem er hin formlega umgjörð um almenningsbókasafnið. Ágæt aðstaða til lestrar á bókasafninu og er starfsmaður bókasafnsins fólki innan handar um að finna og velja bækur.

Minjafélagið

Um eitt hundrað ára gamalt skólahús hefur nýlega verið gert upp og flutt að Kálfatjarnarkirkju. Það er Minjafélagið sem stendur að verkefninu og hefur það einnig safnað ýmsum munum og heimildum um byggðarlagið.

2.3.3 Rannsóknir og fræði

Undanfarin ár hefur verið unnið að skráningu minja, örnefna og sögu sveitarfélagsins. Sú vinna stendur enn yfir.

2.3.4 Útivist og minjar

Landslagsminjar

Í Sveitarfélaginu Vogum felast margar náttúruminjar sem tengjast sögu svæðisins og sögustöðum.

Samtals eru 26 varir á Vatnsleysuströnd sem allar eru sýnilegar. Þessar varir tengjast sterkt sögu staðarins en á þessu svæði var mikil og blómleg útgerð. Við þessar varir stóðu sjóhús þar sem sjómenn höfðu aðstöðu og fiskur var verkaður.

Minjar á náttúruminjaskrá [7]

- **Háibjalli**

Bjallinn er austast af fimm misgengjum sem ganga út úr Vogastapa til suðvesturs. Skógrækt hófst við Háabjalla 1949 og er þar nú gróðursæll skógarreitur í eigu Skógræktar- og landgræðslufélagsins Skógfells.



- **Snorrastaðatjarnir**

Liggja rétt fyrir ofan Háabjalla. Þær eru gróskumiklar og mikilvægur áningastaður farfugla vor og haust. Oftast er talað um að tjarnirnar séu þrjár en þær sýnast þó fleiri ef þurrkar hafa ekki verið miklir.




- **Hrafnagjá**

Gjáin er misgengissprunga þar sem mikill og fjölbreyttur gróður vex óáreittur. Auðvelt er að koma auga á hana þegar ekið er norður Reykjanesbraut niður af Vogastapa. Syðsti hluti Hrafnagjár er á náttúruminjaskrá en gjáin er talin ná allt frá Minni-Vatnsleysu í norðri til Reykjanes í suðri.

- **Hvassahraungíggar (Strokkamelur)**

Á móts við eyðibýlið í Hvassahrauni er sléttlendi nokkurt sem kallast Strokkamelur. Þar má finna nokkur hraundrili eða hraunkatla eins og þeir eru nefndir í Náttúruminjaskrá. Katlarnir eru mjög sýnilegir frá Reykjanesbrautinni og aðeins örfáum metrum ofan við nýtt vegstæði. Merkileg náttúrufrýrbæri sem líkjast einna helst gömlum strokkum. Nokkurs konar strompar sem hafa hleypt upp lofti/gastegundum þegar hraun rann um svæðið en um leið hefur hlaðist utan á þá og þeir stækkað. Í miðju þeirra er op sem nær niður í hraunhelluna.



- **Síkistjörn**

Sunnan Hvammsdals rétt ofan við gamla Keflavíkurveginn (Stapaveg) er þessi ísalta tjörn sem gengur inn úr Síkinu sem er neðan vegar.

- **Vogatjörn og Mýrarhúsatjörn í Vogum. Gráhella í Brunnastaðahverfi og tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakots-tjörn, Kálfatjörn og Bakkatjörn.**

Tjarnirnar eru eins og nöfn þeirra flestra gefa til kynna, nefndar eftir nærliggjandi bæjum sem auðvelt er að finna þegar ekið er inn ströndina. Þessar tjarnir og næsta nágrenni þeirra eru á náttúruminjaskrá. Þær eru mjög lífríkar og við þær og á er fjölbreytt fuglalíf.

- **Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík.**

Svæðið er í landi Sveitarfélagsins Voga og Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða um 500 metra breitt belti ásamt ísöltum tjörnum frá botni Fögruvíkur að Straumi. Um sérstætt umhverfi er að ræða ásamt miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnirnar eru mismiklar að seltu og einstæðar að lífsskilyrðum. Þarna er fagurt útivistarsvæði og er rannsóknar- og fræðslugildi þess mikið ásamt nálægðinni við þéttbýlið.

2.3.5 Vitar

Gerðistangaviti [2]

Vitinn var fyrstur sinnar tegundar á Íslandi til þess að verða raflýstur með sólarorku en það gerðist árið 1988. Hæð vitans er 10,5 metrar en hann var byggður árið 1918 og ári seinna sett á hann þriggja metra hátt ljóshús. Gerðistangaviti er úr steinsteypu og voru Thorvald Krabbe og Guðmundur J. Hlíðdal verkfræðingur sem komu að hönnun hans.

2.3.6 Kirkjur

Kálfatjarnarkirkja

Kálfatjarnarkirkja [3] stendur á Vatnsleysuströnd og er mikill sögustaður. Hún er í Garðaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi og var byggð á árunum 1892-93 og vígð 11. júní 1893 af biskupi Íslands, herra Hallgrími Sveinssyni. Kirkjan er byggð úr timbri, járnvarin á hlöðnum grunni, meters háum. Kirkjusmiður og höfundur kirkjunnar var Guðmundur Jakobsson, húsasmíðameistari, en honum til aðstoðar var Sigurjón Jónsson kennari. Magnús Árnason, steinsmiður frá Holti á Vatnsleysuströnd hlóð grunninn. Bygging kirkjunnar gekk afar hratt, hófst smíði hennar þegar eftir að gamla kirkjan hafði verið rifin, sú kirkja náði aðeins 29 ára aldri, byggð 1864. Nýir bekkir voru smíðaðir í kirkjuna 1968, teiknaðir af Ragnari Emilssyni. Kirkjan er friðuð. Þegar kirkjan var reist var hún stærsta sveitakirkja landsins og rúmaði öll sóknarbörnin í einu.

2.4 Grindavíkurbær

	2003	2004	2005	2006
Íbúafjöldi	2.421	2.479	2.624	2.697
Landfræðileg stærð í km ²	425	425	425	425
Útgjöld til menningarmála				
Heildarútgjöld	22.846	30.137	33.235	
Útgjöld kr. pr. íbúa	9.437	12.157	12.666	

2.4.1 Menningarlegur félagsauður

Ýmis konar félags- og menningarstarfsemi fer fram í Grindavík sem auðgar mannlíf og bætir lífsgæði fólksins sem þar býr.

Gallerí er starfandi í Grindavík sem rekið er af einkaaðila.

Gott tónlistarlíf er í sveitarfélaginu en þar er starfandi tónlistarskóli, kirkjukór Grindavíkurkirkju, barnakór og karlakvartett. Árlega eru haldnir tónleikar sem tengjast Sigvalda Kaldalóns, svonefndir Kaldalónstónleikar, skipulagðir af Kaldalónsklúbbnum og Lionsklúbbnum sem standa fyrir virkri menningarstarfsemi í bæjarfélaginu. Listsýningarsalur er starfræktur í Salfisksetrinu.

Í Grindavík er sjómanna dagurinn haldinn sérstaklega hátíðlegur og litið á slíka hátíð sem bæjarhátíð er gengur undir nafninu „Sjóarinn síkátí“. Hátíðin er vel sótt af heimamönnum og brottfluttum Grindavíkum. Einnig er haldin Jónsmessuhátíð þar sem gengið er upp á fjallið Þorbjörn, sungið þar við varðeld og haldið síðan í Bláa lónið þar sem hátíðin heldur áfram. Í boði er einnig söguganga þar sem gengið er um bæinn með sögulegri leiðsögn. Smalað er í Grindavíkurafrétti og haldinn er ratleikurinn „Finna Féð“ í tengslum við það.

Félagsstarf er fyrir eldri borgara sem að miklu leyti fer að mestu leyti fram í Víðhlíð en þar eru jafnframt þjónustuþúðir fyrir aldraða.

Margvíslegt menningarstarf fer fram á leik- og grunnskólastigi í sveitarfélaginu og í félagsmiðstöðinni Þrumunni er öflugt félagsstarf unglunga. Í Grunnskólanum er starfandi kvikmyndaklúbbur sem nú þegar hefur getið af sér atvinnumann í faginu.

Golfklúbbur Grindavíkur er starfandi og þar er 13 holu golfvöllur stofnaður 1981.

Lionsklúbbur Grindavíkur er starfandi sem stofnaður var 1965 og Ungmennafélag Grindavíkur stendur fyrir öflugri íþróttastarfi, stofnað 1935 og hét upphafleg Íþróttafélag Grindavíkur.

Í sveitarfélaginu er til staðar húsnæði sem nota má til ýmiskonar samkomuhalds. Í því sambandi má nefna Salfisksetrið, félagsheimilið Festi í Grindavík, safnaðarheimili og ráðstefnusali Bláa lónsins.

Ýmis veitingahúsastarfsemi er í sveitarfélaginu.

Björgunarsveitin Þorbjörn stendur fyrir virku björgunar- og félagsstarfi.

2.4.2 Söfn

Saltfisksetur Íslands í Grindavík

Í Saltfisksetrinu [8] í Grindavík er sýning sem sett hefur verið upp á vegum bæjarins þar sem saga saltfisksins er sögð í máli og myndum. Sýningunni er ætlað að vera forvitnileg fyrir erlenda ferðamenn, fróðleg fyrir skólafólk, sem getur þar kynnt sér mikilvægasta atvinnuvegin, og ánægjuleg fyrir hinn almenna Íslending sem fer í helgarbíltúr með fjölskylduna. Hún ætti einnig að geta orðið liður í að draga upp og efla sjálfsmynd bæjarins og fólksins sem þar býr. Tæknin kemur við sögu þar sem m.a. er notast við sjónvörp og sýningartjald á vegg. Mörkuð er ákveðin leið í gegnum sýninguna og sagan þannig rakin í tímaröð.

Grindvíkingar hafa löngum verið drjúgir við saltfiskinn og sýning um sögu verkunar og sölu á saltfiski og þýðingu hans fyrir þjóðarbúið í gegn um tíðina á því vel heima hér.

Frá árinu 2003 hefur verið starfræktur Listasalur á efri hæð Saltfisksetursins en þar hafa verið settar upp 12-14 sýningar á ári. Einnig eru þar haldnir nokkrir tónleikar ár hvert.

Bókasafn Grindavíkur

Bókasafnið á rætur sínar að rekja til Lestrarfélagsins Mímis sem upphaflega var stofnað árið 1904. Safnið hefur tengst landskerfi bókasafna, Gegni, og skapað lánþegum möguleika á að skoða safnkostinn í tölvunni heima hjá sér, séð hvort bókin er inni eða í láni, og þá jafnvel sett inn pöntun ef svo er. Þeir geta fylgst með eigin stöðu, endurnýjað og skoðað lista yfir síðustu lán sín.

Kvennó

Húsið var byggt og vígt í miðri kreppunni árið 1930. Kvenfélag Grindavíkur stóð fyrir byggingunni. Húsnæðið er talið hentugt til tónleikahalds vegna góðs hljómburðar og fjallað hefur um að gera húsið að menningarmiðstöð tengda nafni Sigvalda Kaldalóns.

2.4.3 Rannsóknir og fræði

Bláa lónið

Í tengslum við starfsemi Bláa lónsins [9] fer fram talsvert rannsóknarstarf um lækningamátt lónsins. Niðurstöður vísindarannsókna hafa m.a. fært sönnur á að reglubundin böð í jarðsjó Bláa lónsins eru áhrifarík meðferð við psoriasis samanborið við UVB ljósaböð, þekkta meðferð við psoriasis. Með því að blanda þessum tveimur meðferðum saman næst enn betri árangur.

Gjáin í Eldborg

Talsvert rannsóknarstarf hefur verið unnið varðandi eldvirkni og jarðhita í og við Gjana í Eldborg. Þær rannsóknir hafa einkum verið unnar á vegum Hitaveitu Suðurnesja. Við orkuverið í Svartsengi er einnig sýning um jarðfræði, jarðhita og vinnslu orku úr iðrum jarðar.

2.4.4 Útivist og minjar

Ferðafélag Íslands og Útivist hafa staðið fyrir göngu í sveitarfélaginu t.d. Herdísarvík, Húshólma, Selatanga og um Sandakraveg. Einnig eru hafa verið skipulagðar gönguferðir um nágrenni Bláa lónsins, Brennisteinsfjöll, Fagradalsfjall og Krísuvík.

Ýmsir áhugaverðir útivistarstaðir eru í sveitarfélaginu hver með sína sérstöðu svo sem:

- Krýsuvíkurborg
- Selatanga
- Hópsnes
- Skessukatlar
- Ýmsir hellar
- Hraunsvík
- Gunnhver
- Náttúruleg sundlaug nálægt Reykjanesvita.

2.4.5 Vitar

Oddsvíti

Vitinn stendur við innsiglinguna í Grindavík.

Reykjanes - Litli viti [2]

Byggður 1909. Endurbyggður 1914 og 1947. Byggingarefni: Steinsteypa. Hönnuður: Axel Sveinsson, verkfræðingur.

Hópsnesvíti [2]

Vitinn var byggður árið 1928 úr steinsteypu. Benedikt Jónasson verkfræðingur hannaði vitann. Ljós hæð vitans yfir sjávarmáli er 16 metrar en vitahæðin sjálf er 8,7 metrar. Hópsnesvíti var rafvæddur árið 1961 og ljósavél höfð til vara.

Krýsuvíkurborgsvíti [2]

Ljós hæð vitans er 61 metri yfir sjávarmáli, hæð vitans sjálfs er 5 metrar. Krýsuvíkurborgsvíti var byggður árið 1965, hann er ljósvíti sem getur einnig notast við sólarorku.

2.4.6 Kirkjur

Grindavíkurkirkja eldri

Grindavíkurkirkja eldri [3] var vígð árið 1909. Kirkjan hefur verið aflögð og var lengi notuð sem leikskóli en nú hafa AA samtökin aðsetur sitt þar. Altaristaflan er geymd á skrifstofu kirkjunnar og er eftir Ásmund Sveinsson.

Grindavíkurkirkja yngri

Grindavíkurkirkja yngri [3] var vígð árið 1982. Altaristaflan er gerð eftir altaristöflunni úr gömlu kirkjunni. Hún er unnin úr mósaik á verkstæði í Þýskalandi og er myndefnið hið sama og á gömlu töflunni, þ.e. Jesú kyrrir vindinn á vatninu.

2.5 Reykjanesbær

	2003	2004	2005	2006
Íbúafjöldi	10.907	10.954	11.346	11.928
Landfræðileg stærð í km ²	145	145	145	145
Útgjöld til menningarmála				
Heildarútgjöld	106.187	118.372	130.822	
Útgjöld kr. pr. íbúa	9.736	10.806	11.530	

2.5.1 Menningarlegur félagsauður

Fjölbreytt félags- og menningarstarfsemi fer fram í Reykjanesbæ sem auðgar mannlíf og bætir lífsgæði fólksins sem þar býr.

Fjölbreytt lista- og menningarlíf er starfrækt af einkaaðilum í Reykjanesbæ svo sem Gallerí Björg og Gallerí Svarta Pakkhúsið sem selur ýmsa listmuni sem handunnir eru af félögum í Myndlistafélagi Reykjanesbæjar. Að auki Baðstofan, Suðvestur og áhugahópur um Listasafn Erlings Jónssonar. Einnig eru ýmsir aðrir handverksmenn í sveitarfélaginu sem eru virkir í menningarstarfseminni. Ýmsir ljósmyndarar eru starfandi í Reykjanesbæ og einnig er hljómplötuútgáfufyrirtækið Geimsteinn staðsett í Keflavík sem stofnað var af þekktu tónlistarfólki, þeim Rúnari Júlíussyni og konu hans Maríu Baldursdóttur.

Fjölbreytt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu en bæjarfélagið starfrækir Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem staðsettur er á tveimur stöðum í bæjarfélaginu auk þess sem hann sinnir tónlistarkennslu í öllum grunnskólum bæjarins. Léttisveit tónlistarskólans er áberandi í tónlistarlífi bæjarins. Starfandi er Tónlistarfélag Reykjanesbæjar og ýmis önnur tónlistarfélög svo sem Rythma- og blúsfélagið og Félag harmonikkuunnenda. Að auki eru ótal popphljómsveitir virkar í menningarflóru sveitarfélagsins. Þá eru starfandi ýmsir kórar svo sem Karlakór Keflavíkur, Kvennakór Suðurnesja, kirkjukórar og kórar innan grunnskólanna. Sinfóníuhljómsveit hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma.

Í Reykjanesbæ er árlega haldin bæjarhátíðin „Ljósanótt“ sem þekkt er orðin og hefur verið fjölsótt. Að auki eru fjölmargir viðburðir sem handverkshátíð, Frístundahelgi, Kirkjudagar (haldnir í öllu Kjalarnesprófastdæmi), Ljósahúsið, ýmsir tónleikar, myndlistasýningar, bókmenntavökur, leiksýningar, sögusýningar og dansnámskeið.

Tvö leikfélög eru starfandi í Reykjanesbæ, Leikfélag Keflavíkur og Leikfélag FS, Vox Arena, sem standa fyrir ýmsu leiklistarstarfi.

Félagsstarf aldraðra fer fram í Selinu og Hvammi. Í 88 Húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks, fer fram fjölbreytt félagsstarf fólks á aldrinum 16-25 ára.

Í Reykjanesbæ er á sumrin starfræktur listaskóli barna sem staðsett er í Svarta pakkhúsinu. Hverju námskeiði lýkur með *Listahátíð barna* þar sem foreldrum og öðrum gestum er boðið að sjá afrakstur starfsins. Listaskóli barna er unninn í samstarfi við Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ og Leikfélag Keflavíkur.

Árlega veitir Reykjanesbær menningarverðlaun. Viðurkenningarnar eru tvær, handhafi annarrar er einstaklingur eða hópur sem unnið hefur vel að menningarmálum í bænum og handhafi hinnar er fyrirtæki sem þótt hefur sýna menningarlífi bæjarins góðan stuðning t.d. með fjárframlögum eða með öðru móti. Það er Menningarráð sem velur verðlaunahafana eftir tilnefningum frá bæjarbúum.

Listamaður Reykjanesbæjar er valinn af bæjarráði einu sinni á hverju kjörtímabili. Óskað er eftir tilnefningum frá bæjarbúum og koma allar listgreinar og listform til greina. Núverandi bæjarlistamaður er Rúnar Júlíusson sem hlaut styrk sem ætlað er að auðvelda listamanni Reykjanesbæjar að stunda list sína, viðurkenningarskjal og grip til minningar um atburðinn.

Golfklúbbur Suðurnesja hefur verið starfandi um nokkurt skeið en golfvöllurinn á Leiru er 18 holu völlur sem talinn er einn af þeim bestu á landinu.

Í Reykjanesbæ hefur verið rekið kvikmyndahús til margra ára og til staðar er fjölbreytt framboð af húsnæði sem nota má til ýmiskonar samkomuhalds. Að auki eru hótél og veitingastaðir reknir í bæjarfélaginu.

Björgunarsveitin Suðurnes stendur fyrir virku björgunarstarfi.

Ýmsir klúbbar eru starfandi í Reykjanesbæ svo sem Lionsklúbbur, Kíwanisklúbbur, Oddfellow, Rotary, Roundtable, Delta-Kappa-Gamma, Frímúrarar og Junior Chamber (JC).

2.5.2 Söfn

Í Reykjanesbæ eru þrjú söfn sem bæjarfélagið hefur komið upp og rekur, þ.e. Listasafn Reykjanesbæjar, Byggðasafn Reykjanesbæjar og Bókasafn Reykjanesbæjar.

Listasafn Reykjanesbæjar

Listasafn Reykjanesbæjar [10] fékk til umráða sýningarsal í Duushúsum árið 2003 og breytti það miklu um starfsemi safnsins. Í Listasalnum eru opnaðar að meðaltali sjö sýningar á ári þar sem bæði innlendir og erlendir listamenn hafa komið við sögu. Samkvæmt sýningarstefnu safnsins er því ætlað að standa fyrir fjölbreyttu sýningarhaldi í Listasalnum þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.

Duushúsin standa við smábátabryggjuna í Grófinni og eru röð nokkurra áfastra húsa frá mismunandi tímum, það elsta frá 1877 og það yngsta frá 1970, og einu stöku húsi. Þar eru fjórir sýningarsalir. Í einum þeirra er sýningin Batafloti Gríms Karlssonar ásamt sjóminjum frá Byggðasafni Reykjanesbæjar og í öðrum eru breytilegar myndlistarsýningar á vegum Listasafns Reykjanesbæjar. Í þeim þriðja er sýning frá Poppminjasafni Íslands og sá fjórði er tónlistarsalur.



Byggðasafn Reykjanesbæjar

Hlutverk byggðasafnsins [10] er, að stuðla að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum byggðalagsins og sinna sérstaklega sérkennum svæðisins, s.s. dægurmenningu og minjum tengdum veru hersins. Menningarlega verðmætir staðir í sveitarfélaginu verði merktir, kortlagðir og síðan rannsakaðir.

Ýmis eldri hús eru í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar sem varðveitir þau og nýtir fyrir ýmiskonar áhugaverðar sýningar.

Vatnsnes [11] er hús í eigu byggðasafnsins sem staðsett er á Vatnsnesvegi 8. Húsið er byggt 1934-6 og er steipt. Húsið var gefið á sínum tíma til Keflavíkurbæjar til safnastarfsemi og voru þar til skamms tíma almennar sögusýningar og geymslur á vegum Byggðasafnsins. Húsið hefur verið endurnýjað að utan. Skrifstofur byggðasafnsins eru staðsettar í húsinu um þessar mundir.



Njarðvík [11] er lítið bárujárnsklætt timburhús í Innri Njarðvík sem byggt var í byrjun 20. aldar. Húsið var gefið til Njarðvíkurbæjar á 8. tug síðustu aldar til safnastarfsemi. Þar er nú sýning á vegum Byggðasafns Reykjanesbæjar, aðallega myndir og innanstokksmunir frá síðustu íbúum.

Bátasafn Gríms Karlssonar

Bátasafn Gríms Karlssonar [10] var opnað í Duushúsum á lokadaginn 11. maí 2002. Þar má sjá tæplega 90 líkön af bátum og skipum úr flota landsmanna sem safnið hefur eignast með aðstoð Batafélagsins, félag áhugamanna um bátasafnið. Líkönin smíðaði listasmiður að nafni Grímur Karlsson, fyrrverandi skipstjóri úr Njarðvík. Sýningin er fyrst og fremst umgjörð um bátalíkönin en í gegnum þau ásamt fjölda mynda og muna, er rakin saga sjávarútvegs á Íslandi. Sigurjón Jóhannsson hannaði sýninguna upphaflega ásamt Byggðasafni Reykjanesbæjar en hún hefur breyst talsvert frá því að hún var opnuð, bæði hefur líkönum og munum verið fjölgað.

Fleiri söfn eru í Reykjanesbæ á vegum sveitarfélagsins svo sem Poppminjasafn Íslands, Íþróttaminjasafn Reykjanesbæjar, skjalasafn fyrir skjöl sveitarfélagsins og myndasafn, öll í vörslu byggðasafnsins.

Bókasafn Reykjanesbæjar

Bókasafnið er upplýsingamiðstöð sveitarfélagsins ásamt því að sinna eðlilegu menningarhlutverki sínu. Hér er um nútíma bókasafn að ræða þar sem gestir geta m.a. nýtt sér tölvur sem ætlaðir eru til öflunar fróðleiks. Safnið stendur reglulega fyrir viðburðum svo sem bókasjalli og ættfræðikvöldum.

Annað

Suðsuðvestur

Sýningarrýmið Suðsuðvestur er til húsa að Hafnargötu 22 og var stofnað í nóvember 2004. Magnús Pálsson opnaði fyrstur sýninguna „Brim” í janúar 2005. Suðsuðvestur er ætlað sem sýningarstaður og vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Listamenn sem útfæra hugmyndir sínar í mismunandi miðla og vekja upp spurningar og umhugsun um samtímann. Listræn stjórnun er alfarið í höndum félagsmanna en sýningarrýmið er rekið með stuðningi frá Listasafni Reykjaneshæjar.

2.5.3 Rannsóknir og fræði

Ýmis rannsóknarverkefni hafa verið unnin á vegum Byggðasafns og Listasafns Reykjaneshæjar. Slík rannsóknarverkefni hafa oft endað með sýningum.

Saga bæjarfélagsins hefur verið rituð sem byggist á umtalsverðum sagnfræðirannsóknum.

2.5.4 Útivist og minjar

Eldey

Eldey er eina friðlýsta svæðið á náttúruminjasrá innan Reykjaneshæjar. Hún var friðlýst með lögum 1940 og lýst friðland 1960. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eyinni en 2 km. Þar er stærsta súluvarp á í Evrópu.

Útivist og minjar – Annað

- Fitjar – Fuglasvæði
- Eldvörp og Hafnaberg – Gígaraðir, sprungur og tjarnir.
- Seltjörn og Sólbrekkur – Gróskumiklir skógarreitir
- Brú milli heimsálfa – Flekamót
- Ósabotnar – Frá Stafnesi til Hafna liggur Ósabotnaleið. Þessi leið er talin sérstæð og falleg en þar er að finna minjar um hina fornu verslunarstaði Básenda og Þórshöfn.
- Náttúruleg sundlaug nálægt Reykjaneshævi
- Ýmsar gönguleiðir

2.5.5 Vitar

Reykjaneshævi [2]

Fyrsti ljósviti á Íslandi var byggður á Valahnúk á Reykjaneshævi árið 1878 og var tekinn í notkun 1. desember sama ár. Vitann hannaði verkfærðingurinn Alexander Rothe. Vitinn var áttstrendur turn, undirstaða og veggir voru hlaðin úr tilhöggnu kalklímdu grjóti, 4,5 m í þvermál og 6,2 m á hæð og ljóshæðin 54 m yfir sjávmáli.

Árið 1905 var svo komið að jarðskjálftar og brim höfðu brotið svo mikið úr Valahnúk að hætta var talin á að vitinn félli í hafið. Var því á árunum 1907-1908 byggður nýr viti á Bæjarfelli á Reykjanesi en gamli vitinn var felldur með sprengingu þann 16. apríl 1908.

Vatnsnesviti [2]

Vatnsnesviti var byggður árið 1921 af Keflavíkurbæ með styrk frá ríkissjóði og Fiskifélagi Íslands. Ríkissjóður kostaði rekstur vitans fram til 1. september 1983 en þá fékk Keflavíkurhöfn vitann til eignar og reksturs. Ljóshæð er 15 m og hæð vitans 8,5 m. Hönnuður var Thorvald Krabbe verkfræðingur.

Hólmsbergsviti [2]

Ljóshæð Hólmsbergsvita er 35 metra yfir sjávarmáli, vitinn var byggður árið 1956 og tekinn í notkun árið 1958. Hæð vitans er 12,7 metrar. Hönnuður Hólbergsvita var Axel Sveinsson verkfræðingur.

2.5.6 Kirkjur

Innri-Njarðvíkurkirkja

Innri-Njarðvíkurkirkja [3] var vígð árið 1886. Kirkjan er gerð úr alhöggnum steini og var grjótið sótt í heiðina fyrir ofan byggðarlagið. Kirkjan er friðuð. Altaristaflan er eftir Magnús Á. Árnason og sýnir krossfestinguna. Forn kirkjuklukka, frá 1725, er ein þriggja kirkjuklukkna í turninum.

Ytri-Njarðvíkurkirkja

Ytri-Njarðvíkurkirkja [3] var vígð árið 1979. Góður hljómburður er í kirkjunni og er hún vinsælt tónleikahús. Árið 1948 var stofnaður sjóður til byggingar kirkjunnar en fyrsta skóflustungan var tekin árið 1969.

Keflavíkurkirkja

Keflavíkurkirkja [3] var vígð árið 1915. Kirkjan er friðuð. Altaristaflan er eftir Ásgrím Jónsson, var máluð árið 1916 og sýnir fjallræðuna.

Kirkjuvogskirkja

Kirkjuvogskirkja [3] var vígð í nóvember 1861. Það var óðalsbóndinn í Kotvogi, Vilhjálmur K. Hákonarson, sem reisti ferhyrnda altimbarkirkju 1860-1861 sem síðan tók ýmsum breytingum í áronna rás. Kirkjan er með yngri turngerð og er friðuð. Hún er elsta kirkjan á Suðurnesjum. Altaristaflan er eftirgerð af Dómkirkjutöflunni sem sýnir upprisuna. Kirkju á þessum stað er fyrst getið á ofanverðri 14. öld.

2.6 Menningarlíf á Suðurnesjum - Samantekið yfirlit

		2000	2300	2503	2504	2506	Suðurnes sameiginlegt
		Reykjanesbær	Grindavíkurbær	Sandgerðisbær	Sveitarfélagið Garður	Sveitarfélagið Vogar	
Menningarlegur félagsauður	Bæjarhátíðir	Ljósanótt	"Sjóarinn síkátí" - Sjómannadagurinn	Sandgerðisdagar	Sólseturhátíð	Fjölskyldudagur	
	Tónlistarlíf	Kirkjukórar, fjölbreytt annað kórastarf, hjómsveitir og upptökustúdíó. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar. Kvinnakór Suðurnesja og Söngsveitin Víkingarnir	Kirkjukór Grindavíkurkirkju. Tónlistarskóli Grindavíkur	Kirkjukór Hvalsneskirkju. Tónlistarskóli Sandgerðisbæjar	Kirkjukór Útskálakirkju. Tónlistarskólinn í Garði	Kirkjukór Kálfatjarnarkirkju. Tónlistarkennsla	
	Sýningar	Gallerí og ýmsar listasýningar	Gallerí og ýmsar listasýningar	Gallerí og ýmsar listasýningar	Gallerí og ýmsar listasýningar	Gallerí og ýmsar listasýningar	
	Félagsstarf	Leikfélag og annað öflugt félagsstarf	Öflugt félagsstarf	Öflugt félagsstarf	Öflugt félagsstarf	Öflugt félagsstarf	
Söfn	Byggðasafn	Byggðasafn Reykjanesbæjar - Húsið á Vatnsnesi			Byggðasafnið í Garði		
	Náttúrugripasafn	Sjávarýrasafn í Höfnum		Fræðasetrið í Sandgerði			
	Listasafn	Listasafn Reykjanesbæjar					
	Söfn/safnhlutar með séreinkenni	Duushúsin - Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar	Saltfisksetrið	Jean Baptiste Charcot - Pourqua Pas (Fræðasetrinu í Sandgerði)	Menningarsetur að Útskálum	Minjafélagið (Visir að safni)	
	Bókasafn	Bókasafn Reykjanesbæjar	Bókasafn Grindavíkur	Bókasafnið í Sandgerði	Bókasafn Garðs	Bókasafn Sveitarfélagsins Voga	
Rannsóknir og fræði	Sjávarlíffræði			Fræðasetrið í Sandgerði			
	Saga						
	Annað						
Útivist og minjar	Landslagsminjar	Hafnir	Innsigling og strandlengja	Skagagarðurinn og ströndin. Miðnesheiði	Skagagarðurinn og ströndin	Varir, 26 talsins. Ýmsar tjarnir, staðir og ströndin á Náttúruminjaskrá.	
	Fuglalíf	Mikið fuglalíf við ströndina	Mikið fuglalíf við ströndina	Mikið fuglalíf á Hvalnesi	Mikið fuglalíf við ströndina	Mikið fuglalíf við ströndina	
	Gönguleiðir	Fallegar gönguleiðir í sveitarfélaginu einkum við ströndina	Fallegar gönguleiðir í sveitarfélaginu einkum við ströndina	Fallegar gönguleiðir í sveitarfélaginu, einkum við ströndina á Hvalsnesi	Fallegar gönguleiðir í sveitarfélaginu, einkum við ströndina og út á	Fallegar gönguleiðir í sveitarfélaginu einkum við ströndina	
	Fjörur/Brim		Mikið brim	Mikið brim á Hvalnesi	Mikið brim á Garðskaga	Ósnortin strandlengja	
	Tjarnir			Fallegar tjarnir í sveitarfélaginu		Fallegar tjarnir í sveitarfélaginu	
	Fornleifar	Fornleifar			Að Útskálum	Mógrafir	
Vitar	Vatnsnesviti	Reykjanesvitar, Höpsnesviti, Krýsuvíkurviti	Sandgerðisviti - Stafnesviti	Garðskagavitar, Hólmsbergsviti	Gerðistangaviti		
Kirkjur	Keflavíkurkirkja, Ytri-Njarðvíkurkirkja, Innri-Njarðvíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja	Grindavíkurkirkja yngri, Grindavíkurkirkja eldri	Hvalsneskirkja	Útskálakirkja	Kálfatjarnarkirkja		

3 SVÓT - greining

SVÓT-greining er talið afar hentugt tæki í allri stefnumótun. Nauðynlegt er að sú stefna sem mótuð er byggji á styrkleikum viðkomandi skipulagsheildar en ekki veikleikum. Með því að nota þessa aðferðafræði með þeim hópi aðila sem best þekkja til starfseminnar fást mikilvægar upplýsingar um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í starfseminni.

Neðangreindur listi eru skoðanir og sjónarmið menningarhópsins sem fram komu á þeim þremur fundum sem haldnir voru á undirbúningsstigi vinnunnar.

3.1 Styrkleikar

- Fjölbreytt menningarlíf á svæðinu.
- Allstaðar eitthvað menningarstarf hvort sem um menningartengda ferðaþjónustu er að ræða eða annað menningarstarf.
- Sagan við hvert fót mál.
- Hvassahraun fallett.
- Eldfjallasvæði - Gæti fallið inn í Náttúrminjasafn (í Sandgerði).

- Góð aðstaða er í Reykjanesbæ til leiklistarstarfsemi.
- Kvikmyndahús í Keflavík.

- Eiga skjalfesta sögu - þó ekki sé héraðsskjalasafn.

- Ekki langar vegalengdir á Suðurnesjum og greiðar samgöngur.
- Nálægð við flugvöllinn.
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið.

- Atvinnulífið að verða meiri bakhjarl menningarstarfs einkum í stærri sveitarfélögunum.
- Sveitarstjórnarmenn jákvæðari gagnvart menningarstarfsemi.
- Nú þegar hefur skapast rík hefð um samstarf ýmissa málaflokka meðal sveitarfélaga á Suðurnesjum – líka í menningarstarfi.

3.2 Veikleikar

- Náandin við höfuðborgarsvæðið - Menn fara frekar til Reykjavíkur þar sem framboðið er meira.
- Áhugamennskan mætir þörfum íbúa með nægilega miklum hætti.
- Nálægð við höfuðborgarsvæði vegna þess að menningarstarf er á faglegri nótum á höfuðborgarsvæðinu.
- Orðið of stórt samfélag að hægt sé að ætlast til að áhugamenn sjái um hlutina - vantar meira fagfólk til starfa.
- Vantar menningarfulltrúa í smærri sveitarfélögunum til að framkvæma ákvarðanir sveitarstjórnar.

- Fólk fer mikið til Reykjavíkur í kvikmyndahús.
- Vantar atvinnulistamenn.
- Veikleiki minni staða er atvinnulífið sem hugsanlega ekki treystir sér til að styrkja menningarstarf.
- Vantar stað sem er með Kolaportsstemningu - þó eru staðir þar sem vísir er að slíku
- Mikilvægt að þróa sýningar.
- Sýningar tengjast í of ríkum mæli gamla tímanum frá upphafi til enda - þarf að enda sýningar í nútímanum.
- Ekkert héraðsskjalasafn á Suðurnesjum.
- Hirðuleysi um söguna og arfleifð svæðisins.
- Heyrst hefur að á svæðið vanti meiri menningu.
- Viðhorf íbúa svæðisins til menningarstarfs - möguleika til útvistar ofl.
- Erfitt að virkja fólk til þátttöku í menningarstarfsemi - mögulega vegna ótta við að vera "dæmdur" á einhvern neikvæðan máta.
- Ónógir fjármunir til ráðstöfunar í menningarmál.
- Lítið samstarf.
- Almenningsamgöngur ekki nógu öflugar milli svæða á Suðurnesjum.
- Ónóg kynning á menningarstarfsemi.
- Minnimáttarkennd – vantar aukið sjálfstraust gagnvart þeirri menningarstarfsemi sem fram fer á svæðinu, þ.e. að vera stoltir af því sem gert er.

3.3 Ógnanir

- Sú fjölbreytta afþreying sem er í boði á svæðinu er ógnun t.d. við leiklistarstarfsemi - hér má nefna fjölbreytt íþróttastarf.
- Að saga og arfleifð svæðisins verði í hættu vegna þess að vantar héraðsskjalasafn.

3.4 Tækifæri

- Blómlegt leiklistarstarf í Reykjanesbæ mæti þörfum íbúa betur.
- Að gefa krökkum í vinnuskóla að sinna listastarfsemi í stað þess að reita arfa t.d.
- Danskennsla verði skylda í skólum - Öflug leið til að auka samskipti barna og unglunga.
- Læra af íþróttafélögum því þar fer fram öflugt starf.
- Félagsmiðstöðvar hvetji krakka til að koma fram og tjá sig.
- Velja bæjarlistamann - Í Reykjanesbæ er þetta gert einu sinni á kjörtímabilinu.
- Að hafa kennara/fagmann á svæðinu sem stutt getur faglega við menningarstarfsemina.
- Sagnakvöld - menn sem kunna að segja frá.
- Bæta merkingar um menningarstofnanir eða starfsemi.

- Byggðasafnið í Reykjanesbæ og í Garði sameinist. Höfuðstöðvar í Garði? - Möguleiki á auknum fjármunum frá menntamálaráðuneyti.
- Eitt Náttúruminjasafn á svæðinu í Sandgerði?
- Í Reykjanesbæ verði höfuðstöðvar listasafns sem nái yfir allt svæðið?
- Með verkaskiptingu í safnamálum skapast möguleikar til að ráða faglega starfsmenn.
- Aukið samstarf á öðrum sviðum.

- Sagan við hvert fótímál.
- Ná upp Kolaportsstemningu.
- Velja menningarfrömuð svæðisins eða veita menningarverðlaun.
- Finna leið til að virkja fólk til þátttöku í menningarviðburðum.
- Meiri menning í skólunum - með stuðningi af stefnu frá menntamálaráðuneyti.

- Meiri kynning á menningarstarfi með viðburðadagskrá, vefsíðu o.s.frv.
- Öflug sameiginleg vefsíða með upplýsingum um menningartengda ferðaþjónustu í boði, gistimöguleikar, veitingahús ofl.
- Sögusafn slysavarna í landinu.

4 Greining valkosta

Mikilvægt er að sú framtíðarsýn sem sköpuð verði um menningarlíf á Suðurnesjum byggji fyrst og fremst á styrkleikum svæðisins en ekki veikleikum. Framtíðarsýn sem byggist á veikleikum í núverandi menningarstarfi þarf ekki að vera útilokuð en til að hún nái fram að ganga þarf fyrst að vinna á veikleikum og gera þá að styrkleikum.

Þau tækifæri sem greind hafa verið af starfshópi um stefnumtöun í menningarmálum á Suðurnesjum byggja flest á styrkleikum í menningarstarfsemi sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Til frekari þróunar í menningarlífi svæðisins telur hópurinn m.a. ákjósanlegt að byggja á núverandi starfi en hnyta við það með aukinni hvatningu íbúa til þátttöku. Jafnframt telur hópurinn tækifæri fólgin í að taka upp verkaskiptingu, einkum í safnamálum, og auka samvinnu og samstarf sveitarfélaganna í málaflokknum.

Í starfshópnum hefur skýrt komið fram að megináhersla í menningarmálum eigi að felast í eflingu félagsauðs innan samfélaganna í hverju sveitarfélagi. Fjölbreytt og faglegt menningar- og félagsstarf er talið auka lífsgæði fólks og hvetja það til áframhaldandi búsetu á svæðinu. Uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu hafi t.d. einkum þann tilgang að auka lífsgæði íbúa svæðisins. Þrátt fyrir það er jafnframt talið mikilvægt að hún mæti ávallt þörfum ferðafólks svo styrkja megi stöðir menningarstarfseminnar og svæðisins í heild.

Hópurinn telur rétt að þróun í menningartengdri ferðaþjónustu byggji einkum á því sem nú þegar hefur verið byggt upp. Í því sambandi má nefna Byggðasöfnin í Garði og Reykjanesbæ, Fræðasetrið í Sandgerði, Saltfisksetrið í Grindavík, sýningar í Lista- og menningarmiðstöðinni Duushúsum í Reykjanesbæ og landslagsminjar í Vogum. Einnig fjölbreytta útivistarmöguleika á öllu svæðinu, ekki síst í og við fjörur.

Hópurinn telur tækifæri fólgin í sameiginlegri kynningarstarfsemi á menningarframboði í sveitarfélögunum. Sé yfirlitið í kafla 2.6 skoðað sést glögglega mikilvægi þess að sveitarfélög komi upp öflugum sameiginlegum kynningarstarfi. Framboð á menningu og menningarstarfsemi hjá sveitarfélögunum skarast í mörgum tilfellum. Gott dæmi um það er öll strandlengjan á Reykjanesi sem hefur að geyma óbeislaða náttúru, sögulegar minjar og aðra áhugaverða menningu. Þegar strandlengjan er sótt af íbúum eða ferðafólki er ekki spurt um landamörk sveitarfélaga.

5 Stefnumörkun

Stefnumörkun sú sem hér hefur verið unnin skiptist niður í eftirfarandi efnishluta:

- Stefna og framtíðarsýn
- Markmið
- Leiðir

Stefnu og framtíðarsýn er ætlað að lýsa með ótvíræðum hætti áherslum í menningarstarfseminni, hvernig aðilar vilja sjá hana til framtíðar og fyrir hvern menningarstarfemin er.

Markmiðahluti stefnumörkunarinnar er unnin í samræmi við stefnu og framtíðarsýn. Honum er ætlað að sýna hvaða árangri aðilar telja rétt að ná svo framtíðarsýn málaflokksins geti orðið að veruleika. Leiðirnar sýna að lokum hvernig markmiðunum skuli náð. Þær lýsa hinum eiginlegu aðgerðum sem lagt er til að gripið verði til svo árangri sé náð, þ.e. hin eiginlega aðgerðaáætlun. Hér á eftir verður gerð grein fyrir stefnumörkuninni þar sem markmið og leiðir hafa verið sameinuð í einn kafla.

5.1 Stefna og framtíðarsýn

- I. Að á Suðurnesjum verði öflugt og fjölbreytt menningarlíf sem mæti þörfum íbúa um menningarlega afþreyingu, auki lífsgæði þeirra og efla félagsauð.*
- II. Að á Suðurnesjum verði menningartengd ferðaþjónusta spennandi valkostur fyrir ferðafólk sem mæti þörfum þeirra um útivist, náttúruskoðun, sögu, listir og aðra menningu sem tengist svæðinu.*
- III. Að Suðurnes verði þekkt fyrir blómlegt menningarlíf og aðra afþreyingu sem ákjósanlegt sé að heimsækja og njóta.*

5.2 Markmið og leiðir

Að sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægustu verkefnum sínum.

- Sérstakar menningarmálanefndir verði skipaðar hjá sveitarfélögum þar sem hægt er að koma því við. Með því væru sveitarfélögin að koma þeim skilaboðum á framfæri að menningarmál hefðu ákveðinn forgang.
- Á sama hátt verði ákveðnum starfsmönnum hjá hverju sveitarfélagi falin yfirumsjón og samræming í menningarmálum innan sveitarfélagsins.
- Menningarmálanefndum verði falið að móta menningarstefnu sinna sveitarfélaga og vinna að framkvæmd þeirra eftir því sem sveitarstjórn heimilar.
- Stefnt verði að því að fjárframlög sveitarfélaga á Suðurnesjum til menningarmála verði a.m.k. jafnhá meðalframlögum sveitarfélaga á landsvísu.
- Unnið verði að því að bæta aðstöðu til menningarstarfs s.s. með húsnæði, ráðgjöf o.fl.
- Leitast verði við að nýta vinabæjartengsl við erlend sveitarfélög til þess að efla menningarstarf s.s. með nemendaskiptum, heimsóknum listamanna o.fl.

Að auka samvinnu í sem flestum þáttum menningarstarfs á Suðurnesjum m.a. með því að líta á svæðið sem eina heild.

- Staðfest verði sameiginleg stefna sveitarfélaganna fimm í menningarmálum.
- Gerður verði samstarfssamningur milli sveitarfélaganna um stofnun Menningarráðs Suðurnesja og sameiginlegan samning við ríkisvaldið um menningarmál.
- Menningarráð Suðurnesja verði sett á fót og hafi það hlutverk að leiða samvinnu sveitarfélaganna í menningarmálum, vinna að þróunarstarfi innan greinarinnar og tryggja framkvæmd samstarfssamnings sveitarfélaganna og samnings við ríkið.
- Sameiginleg kynning verði byggð upp vegna menningarstarfs á Suðurnesjum eða einstakra þátta þess. Unnir verði bæklingar og kynningarit og haldið úti vefsíðu og viðburðadagskrá.
- Þau verkefni sem byggi á samvinnu svæða, ólíkra aðila og listgreina njóti forgangs í styrkveitingum Menningarráðs Suðurnesja.
- Unnið verði markvisst að því, með kynningu og á annan hátt, að íbúar Suðurnesja sækji menningarviðburði á milli byggðarlaga og líti á sig sem hluta af einni heild.
- Bókasöfnum sveitarfélaganna, elstu menningarstofnunum svæðisins, verði falin aukin verkefni á sviði menningarumsýslu, upplýsingagjafar og fleiri þátta í starfi sveitarfélaga og ýtt undir þá samvinnu sem nú þegar er í undirbúningi milli þeirra.

Að tekin verði upp skýr verkaskipting og forgangsröðun verkefna í menningarstarfsemi og menningartengdri ferðaþjónustu.

- Menningarráð Suðurnesja og einstakar menningarnefndir eða sveitarstjórnir skoði hvar og hvernig megi ná fram skilvirkara og öflugra starfi með verkaskiptingu og samstarfi innan svæðisins. Þar komi til athugunar þættir eins og safnamál.
- Í samráði við Ferðamálasamtök Suðurnesja og fleiri aðila verði mörkuð stefna um brýnustu verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu sem þarf að vinna að á svæðinu.

Að fjölga föstum og tímabundnum störfum við menningarmál og listsköpun á Suðurnesjum.

- Menningarráð Suðurnesja, menningarnefndir og aðrir vinni markvisst að því að skapa grundvöll fyrir fleiri föst störf í menningarmálum svæðisins. Þar má nefna störf við söfn, setur og sýningar, leiðsögn, kennslu og leiðbeiningar í myndlist, tónlist og fleiri listgreinum, söfnun sögulegra heimilda o.fl.
- Leita skal sérstaklega eftir möguleikum á því að komið verði á föstu atvinnuleikhúsi á svæðinu. Ennfremur skal vinna að kynningu á starfslaunasjóðum listamanna og fjölga umsækjendum í þá af svæðinu.
- Stefnt verði að því að ráða starfsmann til Menningarráðs Suðurnesja sem hafi meðal annars það hlutverk að stuðla að þróunarstarfi og nýsköpun í menningarmálum.
- Leitað verði samstarfs við þjóðmenningarstofnanir og aðra opinbera aðila um að setja á fót fasta starfsemi þeirra á svæðinu og byggja upp annað markvisst samstarf við heimamenn.
- Sveitarfélög skoði þann möguleika, í tengslum við vinnuskóla sína, að halda úti sérstökum leikhópum, tónlistarhópum eða hópum sem vinni að öðru menningarstarfi ungs fólks.

Að bæta vitund íbúa á Suðurnesjum um sögu sína og arfleifð.

- Unnið verði að stofnun Héraðsskjalasafns Suðurnesja sem hafi það hlutverk að safna, skrásetja, varðveita og miðla upplýsingum um sögu og sérkenni Suðurnesja.
- Stuðlað verði að rannsóknum á minjum og sögu svæðisins og miðað að því að draga fram sérkenni þess í sögu og náttúru.
- Menningarverðmæti svæðisins verði gerð aðgengileg þar sem því verður við komið og sögu Suðurnesja komið á framfæri við íbúa og gesti.
- Bæjarhátíðir verði eflar sem menningarhátíðir einstakra byggðarlaga og nýttar til þess að draga fram sérkenni, listsköpun og menningararf úr fortíð og nútíð.
- Unnið verði að því að auka framboð af listnámi, sögutengdri afþreyingu og upplýsingamiðlun um sögu Suðurnesja.
- Hlúð verði sérstaklega að menningar- og listsköpun ungs fólks og hugað m.a. að sérstökum listahátíðum ungmenna. Komið verði upp félags- og menningaraðstöðu fyrir ungt fólk eins víða og unnt er.

- Virkjaður verði sá auður sem býr í eldra fólki á svæðinu og tengist sögu og menningu Suðurnesja.

Að auka fjármuni sem lagðir eru til menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurnesjum og bæta nýtingu þeirra.

- Gerður verði menningarsamningur við menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti um framlög ríkisins til menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurnesjum.
- Leitað verði eftir samstarfi við fyrirtæki um eflingu menningar og uppbyggingu einstakra verkefna.
- Unnið verði að athugunum á því hvort og þá á hvern hátt megi bæta nýtingu þeirra fjármuna sem renna til menningarstarfs á Suðurnesjum. Horft verði til þátta eins og sameiningar, skipulagsbreytinga, verkaskiptingar og samvinnu í þessu skyni.

Að efla framboð og gæði menningarstarfs á Suðurnesjum og auka þannig ánægju íbúa svæðisins með búsetu sína.

- Menningarráð Suðurnesja, sveitarfélög og aðrir aðilar vinni markvisst að því að bæta sífellt gæði menningarstarfs og auka framboð á afþreyingu og menningarviðburðum.
- Gerðar verði viðhorfskannanir hjá íbúum svæðisins um ánægju þeirra með aðgengi og framboð menningarstarfsemi. Á grundvelli slíkra kannana verði gerðar áætlanir um að bæta þjónustu og framboð þar sem þörf er á.

Að styðja við menningarlega fjölbreytni og nýsköpun á Suðurnesjum m.a. með því að hlúa að þróunarstarfi og fjölmenningshugsun.

- Unnið verði að þróunarstarfi í menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu í því skyni að bæta og efla slíkt starf. Haldin verði málþing, námskeið og fundir til þess að þjappa fólki saman og fá fram hugmyndir að nýjum verkefnum.
- Hlúð verði sérstaklega að íbúum svæðisins af erlendum uppruna og leitast við að ýta undir framlag þeirra og þátttöku í almennu félags- og menningarstarfi.

6 Heimildaskrá

1. Sandgerðisbær (2007), *Fræðasetur*. 2. apríl 2007 frá www.sandgerdi.is.
2. Leiðsögumenn Reykjaness ses (2007, *Vitar*. 2. apríl frá <http://www.reykjanesguide.is/V1/Fróðleikur/Kirkjur/>.
3. Leiðsögumenn Reykjaness ses (2007, *Kirkjur*. 2. apríl frá <http://www.reykjanesguide.is/V1/Fróðleikur/Vitar/>.
4. Kirkjur.....
5. Sveitarfélagið Garður (2007), *Byggðasafnið*. 2. apríl 2007 frá www.svgardur.is.
6. Sveitarfélagið Garður (2007), *Útskálar*. 2. apríl 2007 frá www.svgardur.is.
7. Múrin (2007), *Skagagarðurinn*. 2. apríl 2007 frá http://www.murinn.is/eldra_b.asp?nr=124&gerd=Menning&arg=1.
8. Sveitarfélagið Vogar (2007), *Náttúruminjar*. 2. apríl 2007 frá www.vogar.is.
9. Grindavíkurbær (2007), *Saltfisksetur Íslands*. 2. apríl 2007 frá www.grindavik.is.
10. Bláa Lónið (2007), *Lækningalind*. 2. apríl 2007 frá www.bluelagoon.is.
11. Reykjanesbær (2007), *Menning/Söfn*. 2. apríl 2007 frá www.reykjanesbaer.is.
12. Reykjanesbær (2007), *Menning/Menningarhús*. 2. apríl 2007 frá www.reykjanesbaer.is.

Viðauki 1.

Yfirlit yfir útgjöld sveitarfélaga á Suðurnesjum til menningarmála árin 2003-2005, sbr. upplýsingar á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

	2003		2004		2005	
	Í þkr.	Kr. pr. íb	Í þkr.	Kr. pr. íb	Í þkr.	Kr. pr. íb
Reykjanesbær	Íbúafjöldi	10.907	10.954		11.346	
Menningarmál samtals	106.187	9.736	118.372	10.806	130.822	11.530
Sameiginlegir liðir	7.799	715	8.491	775	8.684	765
Bókasöfn	52.470	4.811	55.515	5.068	65.194	5.746
Önnur söfn	22.075	2.024	24.974	2.280	25.636	2.259
Byggðasaga	1.826	167		0	-6	-1
Listir	3.228	296	4.911	448	8.863	781
Menningarhús-Félagsheimili		0	3	0		0
Hátíðahöld	6.548	600	7.633	697	7.296	643
Ýmsir styrkir og framlög	12.241	1.122	16.845	1.538	15.155	1.336
Grindavíkurbær	Íbúafjöldi	2.421	2.479		2.624	
Menningarmál samtals	22.846	9.437	30.137	12.157	33.235	12.666
Sameiginlegir liðir	559	231	802	324	391	149
Bókasöfn	8.000	3.304	8.854	3.572	9.681	3.689
Önnur söfn		0		0	3.940	1.502
Byggðasaga		0		0		0
Listir		0		0		0
Menningarhús-Félagsheimili	10.000	4.131	15.000	6.051	15.000	5.716
Hátíðahöld	3.339	1.379	5.182	2.090	3.942	1.502
Ýmsir styrkir og framlög	948	392	299	121	281	107
Sandgerðisbær	Íbúafjöldi	1.393	1.398		1.535	
Menningarmál samtals	13.588	9.754	17.503	12.520	24.235	15.788
Sameiginlegir liðir	1.890	1.357	2.454	1.755	2.524	1.644
Bókasöfn	4.198	3.014	3.674	2.628	6.721	4.379
Önnur söfn		0		0		0
Byggðasaga	4	3	-5	-4	-2	-1
Listir	106	76	105	75	10	7
Menningarhús-Félagsheimili	4.599	3.302	8.133	5.818	12.061	7.857
Hátíðahöld	1.309	940	1.786	1.278	1.706	1.111
Ýmsir styrkir og framlög	1.482	1.064	1.356	970	1.215	792
Sveitarfélagið Garður	Íbúafjöldi	1.283	1.322		1.376	
Menningarmál samtals	12.553	9.784	9.493	7.181	22.333	16.230
Sameiginlegir liðir	59	46	20	15	39	28
Bókasöfn	1.169	911	1.266	958	1.293	940
Önnur söfn	2.497	1.946	291	220	1.273	925
Byggðasaga	2.270	1.769	1.597	1.208	9.368	6.808
Listir		0		0	3.316	2.410
Menningarhús-Félagsheimili	3.082	2.402	3.214	2.431	3.678	2.673
Hátíðahöld	822	641	633	479	574	417
Ýmsir styrkir og framlög	2.654	2.069	2.472	1.870	2.792	2.029
Sveitarfélagið Vogar	Íbúafjöldi	928	939		1.018	
Menningarmál samtals	5.863	6.318	7.537	8.027	7.370	7.240
Sameiginlegir liðir	39	42	44	47		0
Bókasöfn	3.359	3.620	3.440	3.663	3.778	3.711
Önnur söfn		0		0		0
Byggðasaga		0		0		0
Listir		0		0		0
Menningarhús-Félagsheimili	837	902	1.203	1.281	843	828
Hátíðahöld	852	918	1.555	1.656	1.976	1.941
Ýmsir styrkir og framlög	776	836	1.295	1.379	773	759

Viðauki 2

Punktur frá hugarflugsfundi starfshóps um Styrkleika, Veikleika og Tækifæri menningarmála í Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Garði og Suðurnesjum í heild. Ábendingar sem fram komu um Ógnanir áttu einkum við um Suðurnes í heild sem áður hefur verið getið um.

Styrkleikar
<p><i>Sameiginlegt</i></p> <p>Eiga skjalfesta sögu - þó ekki sé héraðsskjalasafn Eldfjallasvæði - Gæti fallið inn í Náttúrminjasafn (í Sandgerði) Nú þegar samstarf um ýmis mál - rík hefð - líka í menningarstarfi Ekki langar vegalengdir á Suðurnesjum og greiðar samgöngur Allstaðar eitthvað menningarstarf Nálægð við flugvöllinn Nálægð við höfuðborgarsvæði Saga við hvert fótmál Atvinnulífið að verða meiri bakhjarl menningarstarfs Sveitarstjórnarmenn jákvæðari gagnvart menningarstarfsemi Kvikmyndahús í Keflavík Hvassahraun fallet</p>
<p>Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður</p> <ul style="list-style-type: none">- Byggðasafnið í Garði metnaðarfullt- Byggðasafnið nýtist við kennslu- Bátavélasafnið vel heppnað- Sögutengd byggðasöfn- Náttúran- Sagan við hvert fótmál - skipsströndin, brimið ofl.- Elsta björgunarsveitin er í Sandgerði- Öll strandlengjan er á náttúruminjaskrá

Veikleikar

Sameiginlegt

Ekkert héraðsskjalasafn á Suðurnesjum
Nálægð við höfuðborgarsvæði vegna þess að menningarstarf er á faglegri nótum á
höfuðborgarsvæðinu
Vanta meiri menningu - hefur heyrst
Erfitt að virkja fólk til þátttöku í menningarstarfsemi - mögulega vegna ótta við að
vera "dæmdur"
Orðið of stórt samfélag að hægt sé að ætlast til að áhugamenn sjái um hlutina -
vantar meira fagfólk til starfa
Ónógir fjármunir til ráðstöfunar í menningarmál
Enginn til að fylgja samþykktum bæjarstjóra eftir í menningarmálum
Fólk fer mikið til Reykjavíkur í kvikmyndahús
Lítið samstarf
Almenningssamgöngur
Viðhorf íbúa svæðisins til menningarstarfs - möguleika til útivistar ofl.
Hirðuleysi um söguna og arfleifð svæðisins
Vantar menningarfulltrúa í smærri sveitarfélögunum til að framkvæma ákvarðanir
sveitarstjórnar

Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður

- Vantar sjávarréttarstað á Suðurnesjum
- Húsnæðisleysi

Tækifæri

Sameiginlegt

Byggðasafnið í Reykjanesbæ og í Garði sameinist - Möguleiki á fjármunum frá menntamálaráðuneyti.

Náttúruminjasafn í Sandgerði

Í Garðinum höfuðstöðvar byggðasafn

Í Reykjanesbæ höfuðstöðvar listasafns??

Skapast möguleikar til að ráða faglega starfsmenn

Saga við hvert fótmál

Ná upp Kolaportsstemningu

Velja menningarfrömuð svæðisins eða menningarverðlaun

Finna leið til að virkja fólk til þátttöku í menningarviðburðum

Meiri menning í skólunum - með stefnu frá menntamálaráðuneyti

Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður

- Náttúran í Garði
- Sérstakt bátavélasafn - Hægt að auglýsa það sérstaklega
- Sögutengd byggðasöfn
- Slysavamarsafn er nú í geymslu en tækifæri fólgið í því - Þessari sögu verður betur gerð skil í Garðinum frekar en t.d. í Reykjanesbæ. Safn slysavamarfélag Íslands.
- Sjóslysasafnið á betur heima í Garði - Yrði styrkur fyrir Byggðasafnið.
- Herminjasafn í Rockville

Punktur frá hugarflugsfundi starfshóps um Styrkleika og Veikleika í menningarmálum í Grindavíkurbæ, Sveitarfélaginu Vogum og Suðurnesjum í heild. Ábendingar sem fram komu um Ógnanir og Tækifæri áttu einkum við Suðurnes í heild sem getið hefur verið um áður.

Styrkleikar

Sameiginlegt

Leiklistarstarfsemi:

- Góð aðstaða í Reykjanesbæ

- Í stærri sveitarfélögunum felst styrkurinn m.a. í atvinnulífinu sem treysta sér til að styrkja menningarstarfsemi

Varðandi menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu er eitthvað áhugavert á hverjum stað

Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar

- Leiklistarstarf í Grindavík skapaði á sínum tíma tvo atvinnuleikara. Upphaf þessa starfs á rætur til áforma um unglíngastarf og koma í veg fyrir að þeir leiðist í vitleysu.
- Ströndin og náttúran þar í kring
- Lítið sveitarfélag (Vogar) - áhugavert að fara í strandgöngu t.d.
- Minjafélag í Vogunum
- Salfiskssetrið - Hefur orð á sér fyrir að vera passlega stór sýning
- Kynna tiltekna menningarviðburði með "maður á mann" aðferðinni. T.d. tónleikar á vegum Kaldalónsklúbbsins fær ávallt mjög mikla aðsókn.
- Sjómannadagurinn í Grindavík - Sjóarinn síkati

Veikleikar

Sameiginlegt

Leiklistarstarfsemi:

Margt annað sem glepur

Nándin við höfuðborgarsvæðið - Menn fara frekar til Reykjavíkur þar sem framboðið er meira.

Áhugamennskan mætir ekki nógu mikið þörfum íbúa

- Veikleiki minni staða er atvinnulífið sem hugsanlega ekki treystir sér til að styrkja menningarstarf.

Vantar stað sem er með Kolaportsstemningu - þó eru staðir þar sem vísir er að slíku Mikilvægt að þróa sýningar

Sýnum of oft gamla tímann - þarf að enda sýningar í nútímanum

Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar

- Koma fleiri aðkomumenn en heimamenn á menningarviðburði - Þetta á ekki alltaf við eða a.m.k. er matsatriði.

- Lítið sveitarfélag (Vogar)

- Vantar upplýsingamiðstöð - eða einhverja miðstöð fyrir handverk og önnur listaverk

- Vantar auknar almenningssamgöngur milli svæða á Suðurnesjum

- Vantar öflugri veitingarekstur í Salfisksetrinu

- Erfitt að finna Salfisksetrið - má vera betri merkingar

Punktar frá hugarflugsfundi starfshóps um Styrkleika og Veikleika í menningarmálum í Reykjanesbæ og Suðurnesjum í heild. Ábendingar sem fram komu um Ógnanir og Tækifæri áttu einkum við Suðurnes í heild sem getið hefur verið um áður.

Styrkleikar

Sameiginlegt

Mikil fjölbreytni í menningarmálum

Reykjanesbær

- Mikil fjölbreytni í menningarmálum
- Ljósanótt í Reykjanesbæ
- Ótrúlegt hvað margir koma á menningarviðburði þrátt fyrir kannski leiðinlegt veður
- Óflug fyrirtæki sem styðja við menningarstarfsemi
- Litið er á menningu sem atvinnu - Menningarstarfsemi er ekki rekin á áhugamennsku
- Menningarfulltrúi í starfi hjá sveitarfélaginu
- Stjórnkerfi í kringum menninguna

Veikleikar

Sameiginlegt

Ónóg kynning á menningarstarfsemi
Vantar meira af þingeymsku lofti
Vantar atvinnulistamenn

Reykjanesbær

- Ónóg kynning á menningarstarfsemi
- Ímynd um menningarmál þarf að bæta - Neikvæð ímynd um menningarmál á landsvísu
- Einkennir svæðið svolítið minnimáttarkennd
- Fólk gerir sér ekki grein fyrir hversu öflug menningarstarfsemi fer fram, t.d. á bókasafninu
- Nálægðin við Reykjavík
- Starfsemin dreifð - Ekki miðlægir menningarkjamar
- Vantar samanþjappaða kynningarstarfsemi